

**Nd.** **659. Frumvarp til laga** [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist nýr tölul. í stað 2. tölul. sem felldur var niður með 2. gr. laga nr. 60/1978, svohljóðandi:

Til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, eins og nánar greinir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Í stað 12. gr. laganna, sem felld var niður með 5. gr. laga nr. 60/1978, komi ný 12. gr. og orðast svo:

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að yfirtaka allar eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán árin 1962 til 1985.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að gefa út bankavaxtabréf sem skulu notuð til að skuldbreyta eldri lánnum veðdeildar Búnaðarbankans vegna lausaskulda bænda sem veitt voru skv. lögum nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 og enn fremur til að veita ný slík lán framvegis ef til kemur.

Ákvæði laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skulu gilda eftir því sem við getur átt um útgáfu bankavaxtabréfa Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. þessari grein auk ákvæða laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að því breyttu að Stofnlánadeildin komi þar í stað veðdeildar Búnaðarbankans.

Ákvæði laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, gilda um allar lánveitingar og lánskjör á lánnum vegna lausaskulda bænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Þær breytingar á lausaskuldum bænda yfir í föst lán, sem átt hafa sér stað frá 1962 til þessa, hafa verið gerðar til að létta bændum greiðslubyrði skulda sem þeir hafa stofnað til vegna uppbyggingar og reksturs jarða. Lausaskuldalánin hafa verið til 10 og 12 ára. Ljóst er að sá lánstími er of skammur fyrir fjölmarga bændur til að þeir geti staðið í skilum með þessi lán og jafnframt rétt við fjárhag sinn.

Ekkert svigrúm er innan veðdeildar Búnaðarbankans til að breyta lánskjörum þessara lána, hvorki vöxtum né lánstíma.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur fasta tekjustofna sem eru 1% gjald af landbúnaðarframleiðslu bænda auk 2% af hækkunum á búvöruverði. Mikill samdráttur hefur orðið og mun verða í uppbyggingu hefðbundinna búgreina. Því eru líkur á að svigrúm skapist innan Stofnlánadeildarinnar til að ráðstafa hluta þessara tekjustofna til að rétta hlut þessara verst settu bænda. Til þess er nauðsynlegt að flytja þessar lánveitingar til Stofnlánadeildar.